

Í Hróarskeldu dómkyrkju.

Eftir

Matth. Jochumsson.*

Gefið loft, gefið loft, gefið lífsandaloft,
því eg lifi ei í rotnandi gröf!
ella hljóða eg hátt, það sem hvíslað er oft:
„Þessi heimur er storkunargjöf.“

Því að hvort eg er kviksettur konungum hjá
eða kotungum, það er mér eitt;
því að nú sé eg jöfnuðinn jörðunni á,
þó hið jarðneska sýnist svo breytt.

Þú ert hugsjúk mín önd, þú ert heit, þú ert köld.
Upp með hurðir! í brott héðan, brott!
Hvað skal hégómans dýrð, þar sem Dauðinn er alt.
Það er dár, það er grimmasta spott!

Á það líkloft að tákna hvers loftið skal virt
upp í liðanna Glysheima sal?
meðan alt þetta lifði, sem liggur nú stirt,
meðan lífsvillan sannleikann fal?

Guð hjálpi yður, konungar, hvað hér er dimt!
Eg hefi heyrt um svo margt— um svo margt—
þennan skerandi násöng um gjöræðið grimt,
eins og Guð hefði sagt: *Verði svart!*

* Þetta gullfagra kvæði skáldaöldungsins okkar nafnkunna höfum vér tekið eftir úrsgömlu blaði af Norðurlandi, er barst oss rétt nýlega. Vér gátum ekki stílt oss um að taka það, því bæði er það hér í fárra höndum, og svo sýnir það betur en nokkuð annað, hve hreinu lofti og hvílíku eldmagni andans þessi gamli snillingur er hlaðinn nú í elli sinni. Hróarskeldu-dómkyrkja er gömul, og sögulegur minnisvarði Dana. Þar eru skrinlagðir og jarðaðir konungar þeirra frá fornri tíð, svo sem kunnugt er, og er því auðráðið, hvert andi kvæðisins stefnir. Ritstj.